

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verndarsvæði í byggð, mál 692.629.

Vísað er til bréf frá nefndasviði Alþings þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreint frumvarp.

Sveitarfélagið Djúpavogshreppur telur að með frumvarpi þessu sé stigið mjög mikilvægt skref í að stuðla að heildstæðari vernd og varðveislu byggðar en verið hefur til þessa.

Djúpavogshreppur er um þessar mundir að leggja upp í viðamikla vinnu við deiliskipulag miðsvæðis í þéttbýlinu á Djúpavogi, svæðis sem nú þegar nýtur að mjög stórum hluta hverfisverndar samkvæmt *Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020*. Í frumdrögum að deiliskipulaginu segir við gerð þess skuli lögð áhersla á að skapa:

- Sterka heild og heildstæða ásýnd þar sem ólíkir þættir og/eða hlutar tengjast með rökréttum hætti.
- Fjölbreytt umhverfi og rými fyrir margvíslega starfsemi.
- Tengingu við sögu, menningu og náttúru.

Jafnframt gaf Djúpavogshreppur nýlega út *Húsakönnun í Djúpavogshreppi 2014* þar sem mörkuð hefur verið framtíðarstefna um uppbyggingu og verndun fjölmargra bygginga á fyrirhuguðu skipulagssvæði. Það er því ljóst að grunnstefið í stefnu Djúpavogshrepps varðandi verndarsvæði í byggð er í mjög góðum takti og í fullu samræmi við markmið það sem kveðið er á um í 1. gr. þess frumvarps sem hér er til umræðu.

Almennt má segja að grunnhugmyndafræði þessa frumvarps falli sérstaklega vel að þeim áherslum sem Djúpavogshreppur hefur talað fyrir um langt skeið og endurspeglast t.d. í *Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020*. Sveitarfélagið sér því mörg tækifæri í þessu metnaðarfulla og tímabæra frumvarpi til að vinna að þeirri uppbyggingu sem framundan er og vonar jafnframt að það verði öðrum sveitarfélögum hvatning til að beina sjónum sínum enn frekar að þeim viðfangsefnum sem frumvarpið tekur til.

Þá er þess sértaklega getið í 4. gr. þessa frumvarps að ráðherra taki ákvörðun um vernd byggðar að fenginni tillögu sveitarstjórnar eða Minjastofnunar Íslands þar sem greinargerð um mat skuli fylgja. Með þessu er tryggt að framvinda verkefna sé unnin í samráði og að tillögu sveitarfélaga og bestu álitsgjafa og skipulagsmál séu, sem áður, í föstum skorðum í heimabyggð.

Það er því mat Djúpavogshrepps að frumvarp þetta geti í öllum meginráttum stuðlað að stórkostlegum tækifærum fyrir mörg sveitarfélög sem á annað borð bera tilhlýðilega virðingu fyrir menningarverðmætum og þannig geti mörg þeirra snúið vörn í sókn á tilteknum svæðum, með því að tryggja þessu frumvarpi brautargengi.

Sveitarfélagið Djúpavogshreppur styður því heilshugar frumvarp þetta í öllum meginatriðum.

F. h. Djúpavogshreppi
Andrés Skúlaðon
DJÚPAVOGSHREPPS